



## GJALDSKRÁ

### fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna skipulags- og byggingarmála og tengigjald vatnsveitu í Strandabyggð.

1.gr.

Byggingarleyfisgjöld

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi eða framkvæmdaleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta sérstaklega byggingarleyfisgjöld fyrir byggingar sem eru 10 m<sup>2</sup> eða minni nema um viðbyggingar sé að ræða (þær eru þó ávallt leyfis skyldar).

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Fyrir byggingarleyfi nýrra húsa, viðbygginga, breytinga húsa, verulegra breytinga innan lóðar og samþykki fyrir breittri notkun húsa greiðist grunngjald samkvæmt eftirfarandi:

Grunngjald, byggingar allt að 60 m <sup>2</sup>	23.830	kr.
Grunngjald, byggingar stærri en 60 m <sup>2</sup>	36.750	"

Að auki greiðist fyrir hvern fermetra nýbygginga og viðbygginga samkvæmt eftirfarandi:

Íbúðarhúsnæði, bílskúrar, hótél, verslanir og skrifstofur	365	kr. pr. m <sup>2</sup>
Iðnaðarhús, verkstæði, virkjanir	265	"
Gripahús, hlöður, vélageymslur, tankar, ker o.fl.	180	"
Frístundahús, veiðihús, fjallaskálar o.fl.	740	"

Byggingarleyfisgjöld eru innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

2. gr.

Afgreiðslugjöld og þjónustugjöld.

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingar sem byggingarfulltrúi eða byggingarnefnd veitir umfram þá sem er innfalin er í byggingarleyfisgjaldi í samræmi við kafla IX í lögum um mannvirki nr. 160/210.

1. Aðrar afgreiðslur byggingarnefndar/framkvæmdaleyfi	9.475	kr.
2. Lóðaúthlutunargjald óendurkræft	16.650	"
3. Vottorð um byggingarstig húsa	20.960	"
4. Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsingar	20.960	"
5. Endurskoðun aðaluppdráttar	13.780	"
6. Fyrir minniháttar grenndarkynningu	13.780	"
7. Fyrir meiriháttar grenndarkynningu	37.610	"
8. Fyrir útmælingu lóðar og lóðarsamnings	20.300	"
9. Fyrir breytingu á lóðarsamningi	20.955	"
11. Afgreiðsla skráningartöflu	26.700	"
12. Önnur vottorð	20.960	"



# STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANNDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Við bætist þinglýsingarkostnaður vegna stofnskjala og lóðarleigusamninga sé um slíkan kostnað að ræða.

## 3. gr. Tengigjald vatnsveitu.

Tengigjald vatnsveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við vatnsveitu í eigu Strandabyggðar og skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og skal vera sem hér segir:

32 mm	179.755	kr.
40 mm	195.315	“

Starfsmenn vatnsveitu sjá um að leggja og tengja heimæðar, setja inntakskrana utanhúss og krana, síu og einstefnuloka inni í húsi.

Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt frá inntaksstað mannvirkis að krana í lóð á frostfríu dýpi samkvæmt fyrirætlum verkstjóra Áhaldahúss Strandabyggðar og fjarlægð frá stofnæð sé ekki meiri en 15 metrar.

Við endurnýjun eldri vatnsinntaka skal farið eftir framangreindum reglum en greitt verði eftir umfangi verks.

## 4. gr. Tengigjald fráveitu.

Tengigjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við fráveitu í eigu Strandabyggðar og skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og skal vera sem hér segir:

Tengigjald fráveitu 57.415 kr.

Miðað er við að lóðarhafi leggi frárennsli að lóðarmörkum samkvæmt fyrirætlum verkstjóra áhaldahúss Strandabyggðar.

## 5. gr. Stöðuleyfi gáma o.þ.h.

Tímabundin stöðuleyfi hjólhýsa o.þ.h.	á ári		16.650	kr.
Tímabundin stöðuleyfi gáma o.þ.h.	á ári	20 fet	20.955	“
„	„	40 fet	35.310	“

Gámasvæði utan Víðidalsár:

Gámar 20 fet	á ári	8.610	kr.
Gámar 40 fet	á ári	17.225	“
Geymslusvæði-reitir á ári		9.645	“



# STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

## 6. gr. Samþykkt og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, lög nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, lög um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010. Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu í janúar 2020 (146,7 stig). Þau breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu sem þá hefur orðið á vísitölunni.

Gjaldskráin sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn, öðlast þegar gildi, jafnframt fellur brott eldri gjaldskrá sama efnis.

*Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 12. Desember 2019  
Gildir frá 1. Janúar 2020*